

Lista- og menningarsjóður Norðurbings
Reglur um úthlutun styrkja.

1. Styrkveitingar fara fram f, á reglulegum fundum fræðslu- og menningarnefndar. Reglur sjóðsins og umsóknareyðublað skulu vera aðgengilegar á vef Norðurbings og auglýsa skal sjóðinn sérstaklega í febrúar og september ár hvert. Auglýsa skal í þeim auglýsingamiðlum sem gefnir eru út í Norðurbingi hverju sinni sem og á vefsíðu sveitarfélagsins.
2. Styrki má veita einstaklingum, félögum og samtökum sem starfa að menningarmálum og hafa eflingu menningarstarfs í Norðurbingi að markmiði sínu. Styrki má veita vegna einstakra verkefna eða viðburða.
3. Fjölskylduráði er heimilt að gera samninga við stofnanir Norðurbings um framkvæmd afmarkaðra verkefna í þágu menningarmála.
4. Umsóknir skulu berast umsjónarmanni menningarmála í Norðurbingi. Umsóknir skulu vera staðfestar af forsvarsmanni og/eða stjórn þess félags sem sækir um styrk. Umsókn skal skila inn með því að fylla út rafrænt eyðublað á vefsíðu Norðurbings.
5. Hverri umsókn skal fylgja greinargerð um starfsemi viðkomandi félags og/eða það verkefni sem vinna skal að. Tilgreina skal í hvaða verkefni eigi að nota þá fjármuni sem sótt er um.. Umsóknum vegna einstakra viðburða eða afmarkaðra verkefna skal fylgja fjárhagsáætlun vegna þeirra .
6. Styrki vegna einstakra viðburða eða verkefna skal ekki greiða út fyrr en að þeim loknum eða að fullu er fyrir sé að af þeim verði. Styrkupphæð vegna einstakra verkefna skal ekki fara umfram kostnað sem að af þeim hlýst.
7. Fjölskylduráð getur kallað umsækjendur á sinn fund og farið fram á nánari upplýsingar ef þurfa þykir. Einnig getur fjölskylduráð falið umsjónarmanni menningarmála að afla frekari upplýsinga varðandi umsóknir.
 - a. Ef verkefni felur í sér samstarf með ungmennum skal umsóknaraðili skila inn sakavottorði fyrir alla ábyrgðaraðila sem koma að starfi/þjálfun/kennslu eða öðrum samskiptum við ungmenni á einn eða annan hátt. Umsóknaraðili skal hafa siðareglur og viðbragðsáætlanir um agabrot, einelti, kynferðisofbeldi og ofbeldi af hvaða tagi sem er. Sé umsóknaraðili ekki með slíkt regluverk er mögulegt að taka upp viðbragðsáætlun Æskulýðsvettvangsins með skriflegum hætti. Viðbragðsáætlunina má nálgast hér: <https://aeskulydsvettvangurinn.is/sites/default/files/2018-01/Vi%C3%B0brag%C3%B0s%C3%A1%C3%A6tlun%20%C3%86V%202018%20-%202020%201%C3%BAtg.pdf>
8. Fjölskylduráð getur skilyrt styrki og gert samninga um afhendingu þeirra. Umsjónarmaður menningarmála skal fylgjast með að skilyrðum vegna skilyrtra styrkja / samningsbundinna styrkja sé framfylgt.
9. Þegar samþykkt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins liggur fyrir skal fjölskylduráð ákvarða fasta fjárupphæð til viðhalds á eignum sjóðsins og smærri verkefna er menningar- og fræðslufulltrúa er heimilt að styrkja.